

## SÓLGARÐUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mái 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

SÓLGARÐUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI .....	1
<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>Leikskólinn Sólgarður</b> .....	<b>4</b>
<b>Greining</b> .....	<b>5</b>
<b>Viðmiðaramminn</b> .....	<b>7</b>

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Auður Ævarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Svanhvít Guðjónsdóttir

## INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Sólgarði sem fram fór í maí 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og í öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs; að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í maí 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 17. – 20. maí. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

## LEIKSKÓLINN SÓLGARÐUR

Leikskólinn Sólgarður tók til starfa árið 1995 og er staðsettur við Eggertsgötu 8, 101 Reykjavík. Leikskólinn er sjálfstætt rekinn af Félagstofnun stúdenta.

Í leikskólanum eru þrjár deildir og 47 börn voru í leikskólanum í maí 2016. Leikskólinn er ungarnaleikskóli og eru 17 börn á hverri deild. Deildarnar heita: Álfaland, Putaland og Undraland.

Leikskólastjóri er Guðrún Sólveig Ágústsdóttir og þróunarstjóri er Íris Dögg Jóhannesdóttir.

### Styrkleikar:

HighScope stefnan er sett skýrt fram og birtist á heimasíðu leikskólans. Foreldrar og starfsmenn þekkja stefnuna og telja að markvisst sé unnið að framkvæmd hennar.

Í gögnum leikskólans og á vettvangi kemur fram að áhersla er á lýðræðisleg vinnubrögð. Sett er upp áætlun um skipulagsdaga sem eru vel nýttir til símenntunar. Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans og er í samræmi við áherslur í skólanámskrá.

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna, sem gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Umhverfi leikskólans er nýtt til gönguferða.

Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin.

Unnið er markvisst að heilbrigði og vellíðan og birtist það bæði í námskrá og á vettvangi.

Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn og bera ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra.

Starfsfólk sækir símenntun. Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins og er stolt af starfi sínu. Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Börn og starfsfólk læra í leikskólanum. Börnunum líður vel í leikskólanum, eru glöð og áhugasöm.

Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir ásamt upplýsingum til foreldra. Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl. Foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum og að leikskólinn komi til móts við þarfir og réttindi barnsins. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og starfsfólk leitast við að koma til móts við óskir foreldra. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum.

Áætlun um innra mat er lögð fyrir foreldraráð og skóla- og frístundasvið.

### Tækifæri til umbóta:

Leikskólinn setji sér gildi/einkunnarorð út frá stefnu leikskólans. Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni. Deildarfundir séu haldnir reglulega og verði vettvangur faglegrar umræðu og upplýsingamiðlunar. Þróunarstjóri verði hluti af stjórnendateymi leikskólans. Leikskólastjóri sé faglegur leiðtogi og sjái til þess að mótun stefnu sé samvinnuverkefni starfsmanna og foreldra. Skólanámskrá og starfsáætlun verði unnin með þátttöku alls leikskólasamfélagsins.

Stjórnendur afli upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna. Starfsþróunarsamtöl verði tekin árlega við alla starfsmenn og niðurstöður skráðar. Gæta að samræmi við gerð símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans og birta hana í starfsáætlun. Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu.

Efniviður, náms- og kennslugögn verði aðgengilegri fyrir starfsfólk. Skoða aðgengi barna að bókum og öðru leikefni. Starfsfólk nýti daglegar athafnir markvisst til samskipta og virkrar hlustunar við börnin. Starfsfólk nýti viðbrögð og áhuga barnanna við þróun verkefna.

Ánægja, áhugi og líðan barna verði nýtt sem vísbending í mati á leikskólastarfi. Efla enn frekar námsumhverfi sem styður við máltöku og málþroska barna. Unnið verði markvisst að menningu í leikskólanum og heimamenningu barna. Gerð verði áætlun um mat á námi og velferð barna ásamt því að reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna.

Formaður foreldraráðs boði fundi með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá komi fram helstu leiðir við að meta innra starf. Sett verði fram áætlun um innra mat fram í tímann. Helstu þættir í leikskólastarfinu verði metnir reglulega og sett fram viðmið um árangur sem stefnt er að í hverju markmiði fyrir sig.

Notaðar verði fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun og þróuð verði lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks við skipulag og framkvæmd innra mats.

Unnið verði markvisst með niðurstöður úr ytra mati við innra mat og birt í umbótaáætlun í starfsáætlun. Starfsfólk og foreldraráð leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Í greinargerð um innra mat í starfsáætlun verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst og gerð greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Umbótaáætlun verði gerð og hún verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun verði fjallað um markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst. Tilgreint verði í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og séð til þess að umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

## VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

Blátt – á ekki við/ekki metið.